

Í þriðja kafla og 5. gr. laga Þroskaþjálfafélags Íslands er kveðið á um stjórn félagsins, kosningar og kjörtímabil. Leggur undirrituð til eftirfarandi lagabreytingartillögu sem fellst í því að síðasta setning lagagreinarinnar verði felld á brott. Sú setning varðar hámarks setu stjórnarmanna í stjórn. Séu lög Sálfraeðingafélagsins, Iðjuþjálfafélagsins og Félagsráðgjafafélagsins skoðuð sést að hvergi er kveðið á um hámarks lengd stjórnarsetu.

Síðustu ár hafa einkennst af langri og á tíðum harðri launa- og réttindabaráttu þar sem mikilvægi þeirrar þekkingar sem formaður og stjórn hafa viðað að sér í gegnum árin sannaði sig. Þroskaþjálfafélagið hefur vegna dýrmætrar reynslu formanns og stjórnar verið virkur þátttakandi og oft leiðandi í samstarfi félaga innan BHM

Undirrituð telur ákvæði um hámarks setu stjórnarmanna óþarft og leggur til að það verði felld á brott

Núverandi útgáfa:

### III. KAFLI

Stjórn félagsins

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn, sem aðalfundur kýs til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Framboð í þessi tvö embætti félagsins skulu liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr sínum hópi ritara og

gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabilinu, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi. **Engum er heimilt að sitja samfelld í stjórn lengur en fjögur kjörtímabil. Fyrri stjórnarstörf formanns og varaformanns eru þó undanskilin.**

Breytingartillaga – ný útgáfa:

### III. KAFLI

Stjórn félagsins

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn, sem aðalfundur kýs til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Framboð í þessi tvö embætti félagsins skulu liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr sínum hópi ritara og

gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabilinu, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir